

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um lækniþjónustu á Snæfellsnesi.

Frá Teiti Birni Einarssyni.

- Hvernig er lækniþjónusta á Snæfellsnesi háttað? Hversu marga daga var enginn læknir tiltækur á Snæfellsnesi árið 2023, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
- Hversu margir heilbrigðisstarfsmenn eru með fasta viðveru á Snæfellsnesi, sundurliðað eftir árum frá 2014? Hversu margir læknar hafa fasta búsetu á Snæfellsnesi og hvar starfa þeir?
- Hversu margir starfsmenn starfa á heilsugæslustöðvum og deildum í Snæfellsbæ, á Grundarfirði og í Stykkishólmi? Hve margir þar af eru heilbrigðismenntaðir?
- Til hvaða ráðstafana, ef nokkurra, hefur Heilbrigðisstofnun Vesturlands gripið til að treysta lækniþjónustu á Snæfellsnesi frá árinu 2019? Hefur ráðuneytið lagt mat á slíkar ráðstafanir og árangur þeirra?
- Hefur ráðherra í hyggju að koma á fót á sérstöku þróunarverkefni um bættu lækniþjónustu á Snæfellsnesi, í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu, þar sem litið verður á Snæfellsnes sem sérstaka einingu innan Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og að teymi heilbrigðisstarfsfólks á svæðinu sinni ávallt grunnheilbrigðisþjónustu?

Skriflegt svar óskast.